

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

178. FUNDUR.

178. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 20. janúar árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 676. fundar. frá 13. desember s.l. Fundargerð í 4 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 1. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir ánægju sinni með ákvörðun Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra um að skipuleggja og bjóða upp á verkefnið „Eflum byggð í Húnaþingi vestra“ Sveitarstjórn hvetur sveitarstjórnarfulltrúa og íbúa sveitarfélagsins til að sækja kynningarfund um verkefnið sem fyrirhugaður er innan tíðar.“ Bókun við 1. lið samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 677. fundar frá 29. desember s.l. Fundargerð í 10 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 1. lið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela slökkviliðsstjóra að hefja endurskoðun á Brunavarnaráætlun fyrir Húnaþing vestra.“ Bókun við 1. lið samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 5. lið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan þjónustusamning sveitarfélaga um málefni fatlaðra og felur sveitarstjóra undirritun hans.“ Bókun við 5. lið samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 8. lið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir viðauka við verksamning um sorphirðu í Húnaþingi vestra við H.H. gámaþjónustu ehf. frá 29. desember sl.“ Bókun við 8. lið samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 9. lið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar niðurstöðu viðræðna fulltrúa sveitarfélagsins við embættismenn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um fyrirkomulag dragnótaveiða í Miðfirði og Hrutafirði, eins og fram kemur í reglugerð nr. 999/2010.“ Bókun við 9. lið samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 678. fundar frá 10. janúar s.l. Fundargerð í 7 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 4. lið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra telur ekki ástæðu til að gera breytingar á lágmarksfjárhæð fjárhagsaðstoðar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn álitur ekki þörf á að breyta gildandi lágmarksviðmiði þar sem félagsmálaráð tekur hvert mál til skoðunar með það að markmiði að leysa úr málum þeirra sem í hlut eiga jafnvel þó um hærri fjárhæðir sé að ræða en mælst er til að sveitarfélögin taki upp.“ Bókun við 4. lið samþykkt með 6 atkvæðum, Elín R. Línal situr hjá við afgreiðslu þessa liðar. Fundargerðin í heild sinni samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda, oddviti kynnti.

Fundargerð félagsmálaráðs.

Fundargerð 110. fundar félagsmálaráðs frá 15. desember s.l. Fundargerð í 5 liðum. . Lögð fram eftirfarandi bókun vegna 3. liðar. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar reglur um úthlutun félagslegra íbúða ásamt matsblaði.“ Samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð menningar-og tómstundaráðs.

Fundargerð 94. fundar frá 17. janúar s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð skipulags-og umhverfisráðs.

Fundargerð 191. fundar frá 4. janúar s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 192. fundar frá 6. janúar s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

Fjárhagsáætlun 2012, 2013 og 2014 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki, fyrri umræða. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri kynntu helstu forsendur áætlunarinnar.

Fulltrúar B lista leggja fram eftirfarandi bókun: „Þar sem framlögð þriggja ára áætlun nær út kjörtímabilið og ekki liggur fyrir stefnuskrá meirihlutans er óskað eftir svörum við eftirtöldum spurningum um framkvæmdir á kjörtímabilinu.

1. Er gert ráð fyrir að byggja líkamsræktarsal við Íþróttamiðstöðina ?
2. Er gert ráð fyrir fjármagni til að byrja á uppbyggingu golfvallar ?
3. Er gert ráð fyrir sérmerktum, fjármunum til að leita eftir starfsemi í húsnaði skólans á Laugarbakka ?
4. Hvaða framkvæmdir eru áætlaðar á tímabilinu?“

Lögð fram svohljóðandi tillaga: „Fjárhagsáætlun 2012, 2013 og 2014 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki fyrri umræða. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa áætluninni til síðari umræðu í sveitarstjórn. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 17:00

Leó Örn Þorleifsson

Stefán Einar Böðvarsson

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín Jóna Rósinberg

Ragnar Smári Helgason

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Gunnar Þorgeirsson

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín R. Líndal